

4. Frumvarp til laga

um framlenging á gildi laga um verðtoll og bráðabirgðaverðtoll.

(Lagt fyrir Alþingi 1936).

1. gr.

Lög nr. 47 15. júní 1926, um verðtoll af nokkrum vörum, lög nr. 5 3. apríl 1928, um breyting á þeim lögum, með þeim breytingum, sem leiðir af lögum nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll, og lögum nr. 132 31. des. 1935, um breyting á þeim lögum, svo og lög nr. 11 2. júní 1933 og lög nr. 132 31. des. 1935, skulu gilda til ársloka 1937.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1937.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Í þessu frumvarpi er lagt til að framlengja til ársloka 1937 öll gildandi lagaákvæði um verðtoll. Er hagur rikissjóðs með þeim hætti, að ekki virðist verða hjá slíku komizt.